

Fundargerð Stjórnar

Fundur haldinn í stjórn félags sumarhúsaeygenda í Hvammi (FSH) 27. september 2012. Fundurinn var haldinn í húsakynnum KPMG.

Á fundinn mættu: Bergþór Þormóðsson formaður, Alexander Edvardsson gjaldkeri, Arnar Jónsson, Skúli Már Sigurðsson og Svanhildur Skúladóttir. Arnar Jónsson tók að sér að rita fundargerð í fjarveru Bárður Sigurgeirsson ritara.

1. Umræða fór fram um aðalfund og hvenær hann yrði haldinn. Stjórn mun undirbúa aðalfund og taka ákvörðun á næsta stjórnarfundum.
2. Vatnsveita. Landeigandi hefur sett mæla á nokkrum stöðum í veitunni. Fram kom í máli formans að landeigandi hafi ekki hreyft við hugmyndum um gjalddtöku fyrir kalt vatn. Fram kom að áfram er óvissa um framtíðarskipulag vatnsveitumála og aðkomu FSH að rekstri veitunnar.
3. Göngustígar. Fram kom í máli formans að vinnu við stíga væri að mestu lokið, þó væri endar ókláraðir við nokkra göngustíga. Hálstak ehf. sá um að bera í efni í vegi. Fram kom að nokkuð væri um stórgrýti í efninu. Skúli benti á að mikilvægt væri að klára alla stíga á svæðinu skv. skipulagi.
4. Myndavélar. Hafa ekki verið settar upp. Málið er í vinnslu. Tilboð eru í vinnslu en einnig er beðið leyfa fyrir staðsetningu. Hafa þarf samráð við Vegagerðina, RARIK og landeigendur eftir atvikum. Gengið hefur heldur hægar að klára málið en vonir stóðu til.
5. Fasteignagjöld. Formaður benti á að gjöldin há og varpaði fram þeirri spurningu hvort að sumarbústaðaeigendur gætu haldið uppi vörnum geng ósanngjarnri skattheimtu. Rætt var um hvaða þjónustu sveitarfélagið veit gegn greiðslu fasteignagjalda þ.e. hvað væri innifalið í fasteignagjöldum.
6. Sorphirða. Bent var á að staðsetning, aðstæður og aðgengi að ruslagámi í Hvammshlíð væri ekki til sóma. Varpað var fram hugmyndum um að óska eftir að gámurinn yrði fjarlægður. Einnig kom fram að ágæt aðstaða væri fyrir flokkun sorps að Indrastöðum.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið.

Reykjavík 27. september 2012.